



Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 22. október 2025

MSS25060111

UMSÖGN

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokksins, Flokks fólksins og Vinstri grænna um aðgerðir til að efla íbúalýðræði

Á fundi stafræns ráðs þann 10. september 2025 var lögð fram útfærsla þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 1. september 2025, á samþykktum tillögum um aðgerðir til að efla íbúalýðræði sbr. 6. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Erindinu var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi frá þjónustu – og nýsköpunarsviði þann 12. september 2025.

Umsögn:

Ekki eru gerðar athugasemdir við tillögur þjónustu- og nýsköpunarsviðs um aðgerðir til að efla íbúalýðræði. Samráðsfundir og vinnustofur með hagaðilum í hverfunum með nýrri aðferðarfræði stuðlar að auknu íbúalýðræði. Borgaraping með slembuvöldu úrtaki er sannreynd aðferð sem virkar vel. Nú þegar er þróun ábendingagáttar hjá borginni í fullum gangi sem miklar vonir eru bundnar við. Þá er gagnagrunnurinn „Borgarbúar óskast“ áhugaverð nálgun til að þróa notendaprófanir með íbúum. Allt eru þetta raunhæfar útfærslur í átt að auknu íbúalýðræði og aðkomu borgaranna að stefnumótun í borginni.

Þorsteinn Gunnarsson
Borgarritari



Reykjavík



Reykjavík, 1. september 2025
MSS25060111

TILLAGA

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Efni: Útfærsla tillögu um aðgerðir til að efla íbúalýðræði

Borgarstjórn samþykkti þann 25. júní 2025 svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokksins, Flokks fólksins og Vinstri grænna um aðgerðir til að efla íbúalýðræði, sbr. 1. lið fundargerðar borgarstjórnar s.d.:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki eftirfarandi aðgerðir í tilraunaskyni til að efla íbúalýðræði og samráð við íbúa um málefni borgarinnar. Haldnir verði samráðsfundir og vinnustofur með hagaðilum í hverfum, þar sem ræddar verði áskoranir, tækifæri og aðkallandi verkefni hverfa. Niðurstöður fundanna verði unnar og lagðar fram fyrir viðkomandi fagråd og notaðar í vinnu við hverfisskipulag eða lausnamót. Settar verði á legg stærri vinnustofur í hverjum borgarhluta og íbúum boðið til stærra samtals með borgarstjórn og starfsfólki. Hverfið mitt verði útfært sem mót þar sem fólk kemur saman til að finna lausnir til að bæta hverfin og stuðla að samsköpun og samvinnu íbúa á milli sem og við sérfræðinga borgarinnar. Fjármagnið stuðli að framkvæmd þeirra verkefna sem þróast í gegnum lausnamótið. Borgarþing verði þróað áfram með stærra úrtaki af slemбивöldum fulltrúum sem dragi innblástur af reglum OECD um borgarþing og áherslu á aðgengi borgara frá fjölbreyttum tungumála- og menningarheimum. Viðmót og ferlar ábendingagáttar og tengingar við Mínar síður verði þróaðar áfram og farið í endurbætur á kortasjám borgarinnar. Markmiðið er tímanleg, gagnsæ og viðeigandi upplýsingagjöf til íbúa. Verkefnið Borgarbúar óskast verður útvíkkað með því að kalla eftir hverfisleiðtogum, þ.e. áhugasömum íbúum sem gegna hlutverki tengiliða síns hverfis og safna saman sjónarmiðum íbúa, og málefnaleiðtogum, sem eru íbúar með þekkingu og áhuga á tilteknum málaflokkum og taka þátt í samráði tengt þeim.

Samþykktri tillögu var vísað til meðferðar stafræns ráðs sem vísaði henni til meðferðar þjónustu- og nýsköpunarsviðs á fundi sínum þann 27. ágúst 2025, sbr. 1. lið fundargerðar ráðsins s.d.

Eftirfarandi eru útfærslur þjónustu- og nýsköpunarsviðs:

Samráðsfundir og vinnustofur með hagaðilum í hverfunum og lausnamót íbúa:

Í hverju hverfi verði haldinn íbúafundur með Open Space aðferðinni, þar sem hagaðilar og íbúar koma saman ásamt borgarstjórn og starfsfólki. Fundurinn sameinar samráðsfund, vinnustofu og stærra íbúasamtal og gefur rými fyrir að ræða áskoranir, tækifæri og aðkallandi verkefni hverfisins. Open Space aðferðin er valdeflandi fundarform sem leggur áherslu á að allir sem vilja hafi raunverulegt tækifæri til að taka þátt í umræðum. Lögð er áhersla á jafnræði þátttakenda, þar sem allir sitja að sama borði og vinna á sömu forsendum. Aðferðin felst í því að ábyrgðin á framgangi fundarins er sameiginleg, fremur en að hvíla á einum fundarstjóra. Með þessu er skapað rými til að virkja kraft, reynslu og þekkingu allra viðstaddra, í stað þess að stjórna umræðunni með hefðbundnum hætti. Í hefðbundnari fundarformum getur það jafnvel orðið hlutverk fundarstjóra að stýra umræðu með því að takmarka tíma eða beina umræðum inn á ákveðinn farveg. Í Open Space hins vegar er gengið út frá því að opið samtal og sjálfstjórn



Reykjavík



hópsins leiði til uppbyggilegrar niðurstöðu, jafnvel þótt mismunandi sjónarmið komi fram eða spenna skapist í umræðunni.

Fundarformið byggir á því að fanga neista, þekkingu og áhuga sem þátttakendur hafa á málefnum sem er til umræðu. Tilgangur fundarins er skilgreindur vel og vandlega og ákveðið hvenær fundur hefst og hvenær honum lýkur, en að öðru leyti er engin dagskrá gerð fyrir fram. Þátttakendur sitja í hring sem dregur fram samhljóð. Dagskráin er mótuð þannig að hver sem vill getur stungið upp á umræðuefnum. Í inngangi er fólk hvatt til að stinga upp á umræðuefnum sem skipta það svo miklu máli að það er tilbúið að leggja eitthvað af mörkum til að fylgja því eftir. Viðkomandi fer inn í miðjan hringinn, segir nokkur orð um málefnið og skrifar það niður á blað, með tússpenna. Þannig kemur einn af öðrum og stingur upp á umræðuefni og málefnum er raðað upp á vegg, á svokallað markaðstorg. Því næst er málefnum raðað á stað og stund yfir þann tíma sem fundurinn á að standa, hvert umræðuefni fær gjarnan klukkutíma. Sá eða sú sem stakk upp á umræðuefninu ber ábyrgð á að opna það og að punktar úr umræðunni verði skráðir niður, helst á flettitöflu. Það þýðir ekki að viðkomandi þurfi að vera hópstjóri, það getur verið einhver annar, en oft þarf engan hópstjóra. Það er tilvalið að raða líka upp í hring fyrir hópana.

„Lögmálið um tvo fætur“ er einn af hornsteinunum á „Open Space“ fundum. Þegar fólk er búið að segja það sem það hefur að segja um málið og er ekki að uppgötva neitt nýtt, er það hvatt til að nota fætuna og fara í annan hóp. Þá hafa þátttakendur tækifæri til að ræða fleiri en eitt málefni sem raðast hafa á sama tíma. Þess vegna hentar betur að skrá á flettitöflu en tölvu, svo þau sem koma ný inn í hópinn í miðju kafi, sjái strax hvað búið er að ræða. Með þessum hætti verður þetta mjög lifandi ferli, sem lýtur eigin lögmálum, en alltaf gengur upp.

Niðurstöður íbúabingsins verða teknar saman og lagðar fyrir viðkomandi fagrað eða eftir atvikum verður nýtt fjármagn Hverfisins míns til að stuðla að framkvæmd verkefnanna.

Borgarþing:

Borgarþing verður haldið árlega og byggir á leiðbeiningum OECD um þátttöku almennings (*Guidelines for Citizen Participation Processes*). Slembivalið úrtak íbúa tekur þátt í umræðum og mótun tillagna um afmörkuð stefnumál. Þingið er skipulagt með það að markmiði að tryggja að sjónarmið ólíkra hópa samfélagsins komi fram og að niðurstöður byggist á upplýstri og ígrunduðri umræðu. Þátttakendur eru valdir með slembivali sem jafnframt tekur mið af lýðfræðilegri fjölbreytni, svo sem aldri, kyni, menntun og bakgrunni, þannig að samsetning hópsins endurspegli samfélagið í heild.

Ferlið felur í sér skýra afmörkun verkefnis eða spurningar, miðlun traustra og hlutlausra upplýsinga til þátttakenda, fræðslu frá sérfræðingum og aðilum með ólík sjónarmið og síðan umræðum undir stjórn óháðra fundarstjóra. Í lok ferlisins mótar þingið tillögur sem lagðar eru fyrir borgarstjórn eða viðkomandi fagrað. Mikilvægt er að tryggja gagnsæi um alla þætti ferlisins, þar á meðal val þátttakenda, gögnin sem lögð eru fram og hvernig stjórnsýslan hyggst bregðast við niðurstöðunum.

Ábendingagátt:

Þróun ábendingagáttar borgarinnar er í fullum gangi og fyrir árslok verður gefið út nýtt viðmót fyrir íbúa sem byggir á notendarannsóknum og er hannað í saman útliti og gegnir sömu aðgengisstöðlum og vefur borgarinnar. Forsenda nýs íbúaviðmóts er að ferli ábendinga innan borgarkerfisins verði straumlínulagað með innleiðingu sameiginlegs beiðnakerfis. Kerfið tekur við öllum ábendingum sem berast og hefur þegar verið tekið upp hjá þjónustuveri, sem er fyrsti viðkomustaður íbúa. Fyrir árslok verða helstu þjónustueigendur sem fá ábendingar tengdir við kerfið. Innleiðing er þegar í fullum gangi hjá Umhverfis- og skipulagssviði, sem ber ábyrgð á rúmlega 80% allra ábendinga. Þegar sviðið hefur að fullu innleitt kerfið verður hægt að tengja nýja íbúaviðmótið við og gera það aðgengilegt íbúum.



Reykjavík



Borgarbúar óskast:

„Borgarbúar óskast“ er gagnagrunnur sem heldur utan um þátttakendur sem eru tilbúin til að taka þátt í notendaprófunum og tilfallandi notendarannsóknum. Á íbúafundum verður þátttakendum gefinn kostur á að skrá sig annars vegar sem hverfisleiðtogar og hins vegar sem málefnaleiðtogar skv. samþykktri tillögu. Haldið verður utan um þær skráningar með sambærilegum hætti og þátttakendur í notendaprófunum.

Virðingarfyllst,

Agnes Guðjónsdóttir,
deildarstjóri ráðgjafar,

og

Eva Pandora Baldursdóttir,
deildarstjóri stjórnsýslu og miðlunar



Reykjavík